# Reglur um aksturstyrk vegna leikskólabarna í Flóahreppi

## 1. Markmið

Markmið þessara reglna er að jafna aðstöðu íbúa Flóahrepps til að nýta leikskólaþjónustu með því að veita afslátt af leikskólagjöldum vegna aksturs foreldra eða forráðamanna með börn til og frá leikskóla.

## 2. Gildissvið

Reglur þessar gilda um börn sem eiga lögheimili í Flóahreppi og eru skráð í leikskólann Krakkaborg í Flóahreppi.

## 3. Skilyrði fyrir aksturstyrk

Barn skal eiga lögheimili í Flóahreppi. Foreldri eða forsjáraðili annast daglegan akstur barns til og frá leikskóla. Styrkur er veittur sem afsláttur af leikskólagjöldum. Styrkur fellur niður ef foreldri fær sambærilegan aksturs- eða ferðastyrk frá öðrum aðila.

## 4. Útreikningur aksturstyrks

Aksturstyrkur miðast við stystu akfæru leið frá lögheimili barns að leikskóla. Afsláttur reiknast út frá fastri krónutölu á hvern ekinn kílómetra sem sveitarstjórn ákveður árlega. Reiknað er með akstri til og frá leikskóla á hverjum vistunardegi. Mánaðarlegur afsláttur getur aldrei orðið hærri en leikskólagjöld viðkomandi barns/hærri en x upphæð.
Séu fleiri en eitt barn frá sama lögheimili skráð í leikskóla á sömu dögum skal aksturstyrkur reiknast einu sinni vegna akstursleiðar heimilisins.

## 5. Reikningsaðferð

Mánaðarlegur afsláttur = vegalengd að leikskóla × 2 × fjöldi vistunardaga í mánuði × styrkur á kílómetra.

## 6. Umsóknir og endurskoðun

Ekki er þörf á að sækja sérstaklega um til að fá afslátt af leikskólagjöldum vegna aksturs. Gjaldkeri Flóahrepps sér um að setja inn afslátt á leikskólagjöld útfrá skráðu lögheimili og stystu akstursleið. Breytingar á lögheimili eða öðrum aðstæðum sem hafa áhrif á rétt til styrks skulu tilkynntar sveitarfélaginu án tafar.

## 7. Eftirlit og endurkröfur

Veiti umsækjandi rangar upplýsingar getur sveitarfélagið krafist endurgreiðslu ofgreidds styrks.

## 8. Gildistaka

Reglur þessar taka gildi frá og með 1. janúar 2027.

*Samþykkt í sveitarstjórn Flóahrepps xx.xx.2026*
*Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri*

DRÖG